

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 27. mars 2023
UST202303-158/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 og nýtt deiliskipulag - Íbúðarhús í sveit – Syðsta Mörk

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 og nýtt deiliskipulag fyrir Syðstu Mörk.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina 52,7 ha. íbúðarsvæði í landi Syðstu – Markar þar sem gert er ráð fyrir 18 íbúðarlóðum. Landbúnaðarland minnkar sem því nemur.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.¹

Því þarf að mati Umhverfisstofnunar að hafa Bernarsamninginn sem viðmið í umhverfismati.

Í língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll, stelkur og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.²

Ábyrgðartegund: Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á vegna þess að stór hluti útbreiðslusvæðis tegundarinnar á Evrópu- eða heimsvísu er hér á landi eða stór hluti stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldri eða hluta úr ári.

¹ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lingresis-og-vingulsvist>

² <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að íbúarðsvæðið sé afmarkað í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur